



Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Efni: Ósk um breytingu á aðalskipulagi vegna efnistökusvæðis í landi Mýrar í Dýrafirði

Vegagerðin óskar eftir breytingu á aðalskipulagi þar sem óskað er eftir að náman Kýrá nnr. 22694 verði tekin inn á aðalskipulag Ísafjarðarbæjar sem efnistökusvæði. Tilgangur fyrirhugaðra breytinga er að hafa klæðingarefnisnámu til viðhalds bundinna slitlaga á næstu árum á vegum frá Dýrafirði norður um Vestfirði og á Djúpveg suður í Hestfjarðarbotn.

Náman Kýrá er bergskering við Ingjaldsandsveg (624) í landi Mýra og hefur efnið úr henni verið notað í klæðingar á undanförunum árum. Útvíkkun skeringarinnar er orðin það mikil að ekki er hægt að tala um skeringu lengur og því nauðsynlegt að fá svæðið skráð sem efnistökusvæði á skipulagi. Þess má geta að gerðar eru kröfur um gæði bergs sem notað er í klæðingarefni og stenst efnið úr Kýrárnámu þessar kröfur.

Áætlað er að efnisþörf klæðingarefnis á umræddu svæði sé 500 – 800 m³ á ári og má því reikna með að unnið verði allt að 10.000 m³ af klæðingarefni úr námunni á næstu 10 árum.

Frekari upplýsingar veitir Guðmundur S. Pétursson, umsjónardeild Vestursvæðis, netfang: gsp@vegagerdin.is

Meðfylgjandi gögn:

- Fylgiskjal 1 – Kýrá – Náma 22694
- Fylgiskjal 2 – Leyfi landeiganda

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Guðmundur S Pétursson

Undirskrift

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is